



3. tbl. 11. júní 2003



### Vaxandi ofbeldi gegn starfi verkalýðsfélaga

Skýrsla Alþjóðasambands verkalýðsfélaga, sem var kynnt í gær, 10. júní, sýnir að ofbeldi gegn þeim sem taka þátt í starfi verkalýðsfélaga fór vaxandi á árinu 2002.

Alls voru 213 einstaklingar myrtir árið 2002 vegna slíkrar þátttöku, þar af 206 í rómönsku Ameríku. Brotið var gegn réttinum til þátttöku í starfi verkalýðsfélaga í 133 löndum, 1000 einstaklingar voru beittir líkamlegu ofbeldi, 2.562 handteknir, 89 dæmdir til fangavistar og 30.000 misstu vinnuna.

Í skýrslunni eru talin dæmi úr öllum heimshlutum um brot gegn sjálfsögðum rétti fólks til að starfa í verkalýðsfélögum. Ástandið er verst í rómönsku Ameríku.

Nánar er sagt frá innihaldi skýrslunnar á bls. 3.

Ritstjóri:  
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:  
Grétar Þorsteinsson



## Stefna ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum um margt sambærileg áherslum ASÍ

Stjórnarsáttmálinn leggur áherslu á samráð við aðila vinnumarkaðarins

Í kjölfar nýafstaðinna kosninga hafa Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur gengið frá stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar. Þar má finna ýmislegt áhugavert. Hagdeildin hefur tekið saman minnisblað, þar sem vikið er að þremur mikilvægum þáttum: stjórn efnahagsmála, velferðarmálum og hækkun húsnæðislána.

Meginstefið í efnahagsstefnunni er að viðhalda stöðugleika og jafnvægi í ríkisfjármálin. Þar er tekið undir það sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar að ríkisfjármálin gegni lykilhlutverki í hagstjórninni á næstu árum. Tímasetningar og útfærslur á skattalækkunaráformum skipta því höfuðmáli, ef ekki á að koma til þenslu og/eða niðurskurðar í velferðarkerfinu.

### Sjónarmið í velferðarmálum um margt lík

Ekki er hægt að lesa út úr sáttmálanum að gert sé ráð fyrir niðurskurði í velferðarkerfinu og þar er raunar tekið undir fjölmargt af því sem Alþýðusambandið hefur sett fram í áherslum sínum um *Velferð fyrir alla*. Markverðust er ef til vill sú pólitíska stefnumótun sem kemur fram í yfirlýsingunni um að allir landsmenn skuli hafa jafnan aðgang

að öfluglu helbrigðiskerfi óháð efnahag, aldri og búsetu. Kveðið er á um að heilsugæslan skuli vera hornsteinn heilbrigðisþjónustunnar og að huga þurfi að þjónustu við geðfatlaða og ekki síst börn og unglunga með geðraskanir og þroskafrávik. Ennfremur er kveðið á um að treysta skuli stöðu þeirra sem þurfa að takast á við langvinn veikindi. Fjallað er um endurskoðun almannatryggingakerfisins, stuðning við barnafjölskyldur, bættan hag öryrkja og aldraðra sem hafa lægstur tekjur. Allar þessar áherslur er að finna í tillögum ASÍ.

### Húsnæðislán í 90%


Gert er ráð fyrir að lánslutfall húsnæðislána verði hækkað í 90% á kjörtímabilinu. Félagsmálaráðherra hefur kynnt tillögur að útfærslum, sem gera ráð fyrir að þetta verði framkvæmt í áföngum. Miklu skiptir hvernig þetta verður gert. Framundan er þensla og verðbólguþrýstingur og viðbúið að aukinn aðgangur að lánsfé leiði til herra húsnæðisverðs, sem eykur enn á verðbólguþrýsting. Honum mun Seðlabankinn mæta með hækkun vaxta.

*Sjá nánar minnisblað Hagdeildar ASÍ um stefnuyfirlýsingu.*

# Undirbúningur kjarasamninga á fulla ferð

Aðildarfélög og lands sambönd Alpýðusambandsins eru farin að huga að undirbúningi kjarasamninga. Liður í þeirri vinnu er mat á árangri síðustu samninga. Hagdeild ASÍ hefur tekið saman ýmis atriði í þessu sambandi. Þar kemur m.a. fram, að þó samningarnir árið 2000 hafi að mestu verið í höndum lands sambandanna, þá var stefnumörkun sameiginleg varðandi ýmis atriði sem flestir þessara samninga eiga sameiginleg. Samið var til langs tíma (um fjögurra ára), lægstu laun hækkuðu mun meira en önnur laun og flestum samningum fylgdu ákvæði um uppsögn á launalið

**Þróun kaupmáttar reglulegra launa ASÍ-fólks frá 1. ársfj. 2000 til 4. ársfj. 2002 (2000-1=100)**



ef verðbólga færi upp fyrir ákveðin viðmið, eða ef samanburður við aðra hópa leiddi í ljós að svigrúm hefði verið vanmetið. Jafnframt var í flestum samningum ákvæði um stóratök í menntamálum, sem birtist m.a. í starfsmenntasjóðunum.

## Þáttur ríkisstjórnarinnar

Ríkisstjórnin gaf út tilteknar yfirlýsingar í tengslum við gerð kjarasamninganna og einnig í sambandi við endurskoðun þeirra. Gefin voru loforð um úrbætur í skatta- og tryggingamálum. Þar má nefna yfirlýsingar um að skattleysismörk skyldu hækka í samræmi við umsamdar almennar launahækkanir, lengingu fæðingarorlofs, endurskoðun tekjuskattskerfisins, starfsfræðslu í atvinnulífinu, jöfnun lyfjakostnaðar, lækkun grænmetisverðs og jöfnun réttinda ASÍ félaga á almennum vinnumarkaði og í störfum hjá ríkinu.

## Hvernig hafa markmiðin gengið eftir?

Samkvæmt samningum áttu almenn laun að hækka um 10% að jafnaði frá fyrsta ársfjórðungi 2000. Regluleg laun flestra hópa hafa hækkað talvert meira, eða um 24% að meðaltali. Heildarlaun hafa að vísu ekki hækkað jafn mikið, sem skýrist af styttri vinnutíma en áður. Neysluverðsvísitala hækkaði um 14% á tímabilinu, þannig að ljóst er að kaupmáttur hefur hækkað verulega. Samkvæmt gögnum Kjararannsóknanevndar er þó ljóst að mikill munur er á milli einstakra hópa í þessu sambandi, eins og sjá má á myndinni.

*Samantekt Hagdeildarinnar um reynsluna af síðustu kjarasamningum er að finna á vef ASÍ.*

## Spálíkan ASÍ fyrir helstu þjóðhagsstærðir

Á vegum hagdeildar ASÍ er um þessar mundir unnið að því að útbúa líkan sem getur spáð fyrir um helstu hagstærðir. Markmið með smíði líkansins er að auðvelda mat á þróun helstu hagstærða í íslensku efnahagskerfi.

Pegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður á síðasta ári var stefnt að því að ASÍ fengi aðgang að þjóðhagslíkani stofnunarinnar til að leggja sjálfstætt mat á þróun efnahagsmála. Verkefni stofnunarinnar á sviði þjóðhagspár voru frá og með 1. júlí 2002 flutt til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og í framhaldi af því hóf ASÍ viðræður við efnahagsskrifstofuna um aðgang að þjóðhagslíkaninu. Í viðræðum kom hins vegar í ljós að sökum annríkis treystir efnahagsskrifstofan sér ekki til að gera líkanið aðgengilegt

fyrir ASÍ á næstunni. Hagdeild ASÍ ákvað því fyrir nokkru að búa sér til einfalt spálíkan til að brúa bilið, þangað til þjóðhagslíkanið verður aðgengilegt.

Fyrst í stað verður líkanið einfalt og smátt í sniðum, en gert er ráð fyrir að það verði smám saman þróað eftir því sem reynslan segir til um.

Auk þess að spá fyrir um þróun helstu hagstærða 1–2 ár fram í tímann, verður hægt að nota líkanið til þess að meta áhrif ýmissa aðgerða, svo sem breytinga á sköttum. Jafnframt verður hægt að stilla upp mismunandi kostum í efnahagsaðgerðum og meta hvaða aðgerð er hagkvæmust.

Stefnt er að því að ljúka við fyrstu útgáfu næsta haust, þannig að hægt verði að nota það við mat á efnahagslegum áhrifum nýrra kjarasamninga.

# Vaxandi ofbeldi gegn þeim sem taka þátt í starfi verklyðsfélaga

Árleg skýrsla Alþjóðasambands frjálsra verkalyðsfélaga – ICFTU – um brot á réttindum verkalyðsfélaga kom út í gær. Í henni kemur fram að staðan hvað þetta varðar fer síst batnandi. Ástandið virðist alvarlegast í Kólombíu, þar sem 184 einstaklingar voru myrtir vegna þátttöku í starfi verkalyðsfélaga. Þessu til viðbótar er vitað um a.m.k. 27 morðtilræði og 189 morðhótanir. Áttatíu einstaklingar neyddust til að flyja land.

## Víðar vandi og fer vaxandi

Vandinn hefur farið vaxandi með hverju árinu og tengist m.a. aukinni alþjóðavæðingu. Í því samhengi þýðir „markaðsfrelsi“ í rauninni frelsi atvinnurekenda undan réttindum verkalyðsfélaga.

Það er víðar en í rómönsku Ameríku sem réttindi eru brotin. Þannig eru brot á sjálfsgöðum réttindum launafólks daglegt brauð víða í Asíu og Afríku. Í Búrma, Suður-Kóreu og Kína eru slík brot og ofbeldi skipulögð með fullri vitneskju og stundum tilstyrk stjórnvalda, sem eru raunar víða virkustu gerendurnir í þessu sambandi.

## Evrópa og Bandaríkin ekki undanskilin

Réttindi eru brotin víða í Evrópu, svo sem í Rússlandi, Búlgaríu og Króatíu og verkfallsréttur er mjög skertur í Lettlandi, Rússlandi, Serbíu, Svartfjallalandi og Slóvakíu. Í Bandaríkjunum missir tíundi hver starfsmaður sem tekur þátt í að stofna verkalyðsfélag vinnuna. Eðlilegri starfsemi verkalyðsfélaga eru settar þröngar skorður með lagasetningu í Kanada, Ástralíu og víðar.


## Farandverkafólk illa úti

Víða í iðnríkjunum er farandverkafólk og verkafólk af erlendu bergi brotið þeir sem verst verða fyrir ofsóknum og þvingunum. Í öllum heimshlutum er að finna skorður við þátttöku erlendra verkamanna í starfi verkalyðsfélaga og brot á sjálfsgöðum rétti þeirra.

[Sjá nánar úr skýrslu Alþjóðasambands frjálsra verkalyðsfélaga á vefnum.](#)

# Verð á kjúklingum 8% lægra en fyrir 12 árum!

Verðþróun á nokkrum kjötvörum – meðalverð í nóvember hvert ár



Í nóvemberhefti Hagtíðinda, sem Hagstofan gefur út mánaðarlega, er tafla sem sýnir meðalverð á nokkrum vörutegundum og þróunina frá 1990 til 2002. Þegar tekið er úr tölflunni verð á kjúklingum, nautagúllasi og súpukjöti, koma fram athyglisverðar staðreyndir. Um er að ræða meðalverð á öllu landinu í nóvember á hverju ári frá 1990 til ársins 2002.

Neysluverðsvísitalan hækkaði um rúm 50% á þessu tímabili en ef hún er skoðuð án húsnæðis, var hækkanin tæp 48%. Þegar verðið á þessum kjöttegundum í nóvember 1990 og nóvember 2002 er borið saman kemur í ljós að verð á nautagúllasi hefur hækkað um rúm 5% á tímabilinu, verð á kjúklingum hefur lækkað um tæp 8% og verð á súpukjöti hefur hækkað um tæp 19%.

## Stuðningur við heilsugæsluna í Monkey Bay

Samkomulag Alpýðusambandsins og Próunarsamvinnustofnunar Íslands um þátttöku ASÍ í tilteknum verkefnum stofnunarinnar er þegar farið að skila áþreifanlegum árangri. Í fyrsta áfanga var ákveðið að ráðstafa tiltekinni fjárupphæð til að kaupa lyf og matvæli í Monkey Bay í Malaví. Þar hefur ríkt alvarlegur skortur í þeim efnum.

Keypt voru lyf, ekki síst með það í huga að geta tekið á kólerufaraldri sem búist var við á regntímanum í desember til apríl. Þessi lyf nýtast hins vegar gegn margs konar öðrum sýkingum og hafa því komið sér vel, þó ekki hafi komið upp kólerufaraldur. Keypt voru 7,5 tonn af næringarefnabættum maís. Hann hefur einkum verið nýttur fyrir sjúklinga sem hafa þurft að leggjast inn á sjúkrahúsið, börn og vannærða berklasjúklinga. Vegna þess að ekki varð kólerufaraldur í ár, gengu af nokkrir fjármunir, sem ákveðið var að nýta til að kaupa moskítónet, en þau eru öflugasta vörnin á þessu svæði gegn malaríu. Barnshafandi konur og mæður með ungabörn hafa einkum notið góðs af moskítónetunum, sem hefur verið dreift frá heilsugæslustöðvum og á sjúkrahúsinu.



Það er ljóst, að þó ekki sé um háar upphæðir að ræða í samanburði við það sem við þekkjum, getur aðstoð af þessu tagi skipt sköpum fyrir líf og heilsu fjölmargra einstaklinga. Fleiri verkefni eru nú í undirbúningi innan ramma samstarfssamnings ASÍ og PSSÍ víðar í Afríku.

## Breytingar á lögum um vinnuvernd

Fjölmörg nýmæli er að finna í nýjum lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem samþykkt voru á síðasta degi Alþingis í vetur, þann 14. mars. Þar má nefna þann þátt sem snýr að vinnuverndarstarfi í fyrirtækjunum. Þar er lögð mikil áhersla á ábyrgð atvinnurekenda og fyrirbyggjandi vinnuverndarstarf með áhættumati og áætlunum um heilsuvernd starfsmanna.

Alpýðusamband Íslands fagnar því að frumvarpið skuli nú vera orðið að lögum, því þó gerðar hafi verið margvíslegar athugasemdir við ýmis ákvæði og bent á margt sem betur mætti fara, fela lögin í sér umtalsverðar réttarbætur miðað við þau lög sem áður giltu.

[Sjá umsögn Alpýðusambandsins um frumvarpið frá 13. febrúar sl.](#)

## Mikilvægar réttarbætur – ný lög um ábyrgðarsjóð launa

Á lokadegi Alþingis voru samþykkt ný lög um Ábyrgðarsjóð launa. Þau fela í sér miklar réttarbætur fyrir launafólk, þegar þau verða komin til framkvæmda að fullu. Í því sambandi má m.a. nefna ábyrgð á viðbótarlífeyrissparnaði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

[Nánar er fjallað um nýju lögin í greinargerð á vef Alpýðusambandsins.](#)